



Umsögn Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar um þingsályktunartillögu um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins 126. mál

Á félagsfundi Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar sem haldinn var 12. mars sl. var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Drangey-smábátafélag Skagafjarðar skorar á Alþingi og ríkisstjórn að tryggja að strandveiðar fari fram án heildarkvóta alla fjóra mánuðina maí til ágúst í samræmi við lög. Tryggt verði að ekki skapist það ófremdarástand og mismunun sem orðið hefur á þessum veiðum síðastliðin sumur. Lýsir félagið yfir eindregnum stuðningi við framkomna tillögu Landssambands smábátæiganda og Strandveiðifélags Íslands um tímabundna tilraun með fyrirkomulag strandveiða.”

Tillaga sú sem vísað er til hér að ofan kom fyrst fram á fundi Landssambands smábátæiganda og Strandveiðifélags Íslands með forsætisráðherra 14. ágúst 2023. Gengur hún út á að gera 3-5 ára tilraun með framkvæmd strandveiða á þann hátt að leyfa veiðar 4x12 veiðidaga á þeim fjórum mánuðum sem strandveiðar eiga að standa yfir lögum samkvæmt án þess að setja á þær tiltekið heildaraflamark. Rökin fyrir þessu eru eftirfarandi:

1. Með þessu fyrirkomulagi væri öryggi sjómanna í fyrirrúmi og sú mismunun sem verið hefur til staðar á síðustu strandveiðivertíðum kæmi ekki upp.
2. Með því að skilja að aflamarkskerfið og sóknarkerfi strandveiða væri verið að fara eftir úrskurði mannréttindanefndar Sp frá 2007.
3. Handfæraveiðar eru jafngamlar byggð á Íslandi, eru umhverfisvænustu veiðar sem til eru og hafa hvorki hér né annars staðar í heiminum ógnað fiskistofnum.
4. Ef strandveiðin er skilin frá aflamarkskerfinu yrði svokallaður 5,3% pottur endurskoðaður ef menn vilja halda því sem þar er að finna að öðru leiti óbreyttu (línuviltun, byggðakvóti, tómskundaveiðar o. fl.). Strandveiðiafli væri því ekki „tekinn af“ neinum „kvótæigendum“ og togstreita milli þeirra og strandveiðiútgerða myndi hverfa.
5. Nánast fullkominn fyrirsjáanleiki yrði fyrir alla aðila sem hagsmuna eiga að gæta; aflamarkshafar, strandveiðisjómenn, fiskkaupendur, fjölda landfyrirtækja og sveitarfélaga-/hafna að ekki sé talað um þá sem flytja og selja ferskan fisk á erlenda markaði.

6. Samkvæmt áliti fv. forstjóra Hafró getur sk. aflaregla verið á bilinu 20-22% af veiðistofni án þess að það hafi nein áhrif á þróun hans. Í þessari tilraun væri aflaregla upp á 20% áfram í gildi en strandveiðiafli sem hingað til hefur verið að jafnaði innan við 1% af útreiknuðum veiðistofni þorsks myndi hugsanlega fara í 1-1,5% af honum en vera samt innan þess ramma sem ekki er talinn valda neikvæðum áhrifum á þróun stofnsins.
7. Í ljós kæmi hvort um „stjórnlausu“ fjölgun strandveiðibáta yrði að ræða á tímabilinu. Hafa verður í huga að flestir sem stunda strandveiðar eru virkir atvinnusjómenn og/eða menn sem hafa reynslu af fiskveiðum. Þeir fáu sem ekki fylla þennan hóp eru oftast fyrrverandi og/eða eldri sjómenn. Nýliðun sem vonandi á sér stað á þessum veiðum verður varla meiri en sem nemur brottfalli þeirra „heldri“.
8. Þar sem aflabrögð á strandveiðum fara fyrst og fremst eftir gæftum og fiskimagni á miðunum yrði afli breytilegur allt í kringum landið. Gögn yfir slíkt yrði mikilvæg viðbót við rannsóknar-gögn sem vísindamenn fengju þá aðgengi að (handfærarall).

Drangey- smábátafélag Skagafjarðar telur engin rök mæla með því að skilgreina strandveiðar sem félagslega starfsemi, þótt trúlega sé efling þeirra einhver öflugasta og ódýrasta byggðastyrking í sem völ er á. Fjölmörg samfélög við sjávarsíðuna hafa ítrekað bent á mikilvægi þessara veiða bæði fyrir almennt atvinnulíf sem og eflingu ferðaþjónustu á þessum stöðum. Þá er hráefni frá þessum veiðum í hæsta gæða- og verðflokki og skapar því mun meiri verðmæti en afli sem fæst t.d. með neta- eða togveiðum.

Með vísan til þess sem að ofan er rakið telur Drangey að fyrrnefnd þingsályktunartillaga sé ekki heppileg til að tryggja óskertar strandveiðar. Þá er allt eins líklegt að yrði hún að veruleika kallaði það á enn meira ósætti milli útgerðaflokka en nú er.

F.h. stjórnar Drangeyjar- smábátafélags Skagafjarðar

Magnús Jónsson formaður